AUGLÝSING

um breytingar á verslunar- og siglingasamningi við Grikkland.

Með orðsendingu utanríkisráðuneytis Grikklands dags. 30. desember 1987 og svarorðsendingu sendiráðs Íslands í Bonn dags. 18. maí 1988 voru gerðar þær breytingar á verslunar- og siglingasamningi frá 28. janúar 1930 milli Íslands og Grikklands, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 77/1931, að 2. gr. samningsins og lokabókun var sagt upp og tilvísun í 1. gr. samningsins til verslunar felld niður. Breytingar þessar öðluðust gildi 15. nóvember 1988.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. nóvember 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Hannes Hafstein.

30. nóvember 1988 Nr. 11

AUGLÝSING

um breytingu á stofnskrá Evrópuráðsins.

Samkvæmt heimild í 41. gr. d. lið stofnskrár Evrópuráðsins frá 5. maí 1950 var við aðild San Marino að ráðinu gerð breyting á 26. gr. stofnskrárinnar varðandi fjölda fulltrúa á Ráðgjafarþingi Evrópuráðsins, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 74/1950. Var ákveðið að San Marino skyldi öðlast rétt á 2 þingfulltrúum. Breyting þessi tók gildi 16. nóvember 1988.

26. gr. stofnskrárinnar með áorðnum breytingum er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. nóvember 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal.

Hið breytta orðalag 26. gr. hljóðar svo:

„Eftirtalin ríki skulu eiga rétt á tölu fulltrúa sem hér segir:

Austurríki	6
Belgía	7
Kýpur	3
Danmörk	5
Frakkland	18
Sambandslýðveldið Þýskaland	18
Grikkland	7
Ísland	3
Írland	4
Ítalía	18
Liechtenstein	2
Lúxemborg	3

The amended text of Article 26 is worded as follows:

"Members shall be entitled to the number of Representatives given below:

Austria	6
Belgium	7
Cyprus	3
Denmark	5
France	18
Federal Republic of Germany	18
Greece	7
Iceland	3
Ireland	4
Italy	18
Liechtenstein	2
Luxembourg	3

Malta	3	Malta	3
Holland	7	Netherlands	7
Noregur	5	Norway	5
Portúgal	7	Portugal	7
San Marino	2	San Marino	2
Spánn	12	Spain	12
Svíþjóð	6	Sweden	6
Sviss	6	Switzerland	6
Tyrkland	12	Turkey	12
Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands	18"	United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland	18"

Nr. 12 31. desember 1988

AUGLÝSING

um samning við Noreg um loðnuveiðar.

Hinn 29. desember 1988 öðlaðist samkomulag milli Íslands og Noregs frá 1. desember 1988 um loðnuveiðar Norðmanna innan íslenskrar lögsögu á tímabilinu 5. desember 1988 til 15. janúar 1989 gildi endanlega. Samkomulagið öðlaðist gildi til bráðabirgða 1. desember 1988. Alþingi heimilaði staðfestingu samkomulagsins með ályktun 15. desember 1988.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 31. desember 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal.

Orðsending sendiherra Noregs til utanríkisráðherra

Reykjavik, 1. desember 1988

Herr Utenriksminister,

Jeg har den ære å vise til drøftelser som har funnet sted de siste uker mellom representanter for våre to regjeringer om norsk interesse for å fiske lodde innenfor Islands fiskerigrense i desember 1988/ februar 1989. Drøftelsene har funnet sted på grunnlag av overenskomsten av 28. mai 1980 om fiskeri- og kontinentalsokkelspørsmål, især med henblikk på den endring av Norges loddekvote for sesongen 1988–89 som, ifølge artikkel 4 i overenskomsten, skal gjøres som følge av økningen i den totalt tillatte fangst.

Jeg kan bekrefte at man under de nevnte drøftelser er blitt enig om følgende:

1. Norske fiskefartøyer gis tillatelse til å fiske innenfor Islands 200 n. mils fiskerigrense i tiden 5. desember 1988 til 15. februar 1989 inntil 54.000 tonn lodde, og også den del som tilfaller Norge ved eventuell ytterligere forhøjelse af totalfangsten, med den begrensning at loddefiske i området sør for 64°30' N, vest for 13°00' V er forbudt.
2. Slik tillatelse gis til fartøyer som det islandske fiskeridepartement godkjenner.
3. Det islandske fiskeridepartement skal fastsette regler om de norske fiskefartøyers meldeplikt innenfor Islands sone, herunder om daglig melding om fartøyenes posisjon og fangster.

Dersom Deres regjering er enig i ovenstående, har jeg den ære å foreslå at dette brev og Deres svarbrev skal utgjøre en avtale mellem våre to regjeringer, sem trer midlertidig i kraft ved datoen for